

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1959 frá 13. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram samningssniðmát fyrir seljanleikasamninga fyrir hlutabréf útgefenda fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 29at (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1783) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„29au. **32022 R 1959**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1959 frá 13. júlí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram samningssniðmát fyrir seljanleikasamninga fyrir hlutabréf útgefenda fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. ESB L 270, 18.10.2022, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1959, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 18.10.2022, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING